



Reykjavíkurborg

Velferðarsvið

Reykjavík, 24. júlí 2018

VEL2018070002

8.0

Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11  
101 REYKJAVÍK

***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um heimaþjónustu eldri borgara -  
R18060220***

Á fundi borgarráðs þann 28. júní sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*„Hvað ætlar meiri hlutinn að gera varðandi heimaþjónustu eldri borgara sem verður að skerða í sumar vegna manneklu? Með þessari spurningu vil ég vísa í frétt sem birtist á vísir.is nú í júní sem segir „ Alvarlega staða er komin upp í heimhjúkrun í Reykjavík þar sem illa hefur gengið að manna stöður fyrir sumarið. Fólk tilkynnt um minni stuðning. „ Þetta er skelfileg aðstaða og ég kviði mjög sumrinu“ segir Anna Kristine Magnúsdóttir um fyrirsjáanlegan samdrátt í þjónustu við heimahjúkrun og félagsleg heimaþjónustu í Reykjavík í sumar “.*

**Svar:**


Heimahjúkrun og félagsleg heimaþjónusta eru sameinuð í Reykjavík og rekin út frá þremur starfsstöðum. Íbúum Laugardals og Háaleitis er veitt þjónusta frá starfsstöð að Efstaleiti 1, íbúum Breiðholts, Árbæjar, Grafarholts og Grafarvogs er veitt þjónusta frá starfsstöð í Hraunbæ 119 og íbúum Hlíða, Miðbæjar, Vesturbæjar og Seltjarnarness er veitt þjónusta frá starfsstöð á Vitatorgi/Lindargötu. Á sumrin eykst álag á heimahjúkrun vegna summarfria stofnana. Lögð hefur verið mikil áhersla á að manna að fullu sumarafleysingu fyrir heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu en síðustu 3 ár hefur reynst erfiðara að fá hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða til sumarafleysinga. Þrátt fyrir ítarlega leit og auglýsingar eftir starfsfólk til afleysinga tókst ekki að ráða nægilega marga til starfa yfir sumarmánuðina til að mæta fullri þörf fyrir þjónustu.

Þar sem fyrirsjáanlegt var að skerða yrði þjónustu að einhverju leyti í summar var sent bréf til notenda þar sem þeir voru upplýstir um þetta og jafnframt að áhersla yrði lögð á að veita alla þá þjónustu sem mögulegt væri að veita.

Farið er yfir hverja beiðni sem berst, hún metin og forgangsraðað í þjónustu heimahjúkrunar. Þar sem heimaþjónusta er samþætt í Reykjavík eru tækifæri til að færa þjónustu milli þjónustuaðila, þ.e. heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu og er það gert þar sem það er talið öruggt. Við forgangsröðun er þess ávallt gætt í hvívetna að öryggi þjónustuþega sé tryggt.

Reynsla síðustu ára sýnir að upp úr miðjum ágúst byrjar að leysast úr málum þeirra sem eru á bið eftir þjónustu.

Virðingarfyllst



Dís Sigurgeirsdóttir  
skrifstofustjóri